

Mánudaginn 17 aprílmánaðar.

Nr. 9/1899:

Réttvísinn

gegn

Andrésí Jónssyni og Hólmsfríði
Benjamínsdóttur.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Skagafjarðarsýslu, upp-
kveðnum 12. nóv. f. á., voru hin ákærðu fyrir
hneykslanlega sambúð dæmd samkvæmt 179. gr.
alm. hegningarlaga 25. júní 1869, hann í 5 daga
fangelsi við vatn og brauð og hun í 6 daga fang-
elsi við venjulegt fangaviðurværi. Svo skyldu og
hin ákærðu hvort um sig greiða 5 kr. til svara-
manns síns í héraði og allan annað kostnað máls-
ins in solidum. En þessum dómi hefir eftir ósk
hinna ákærðu og af hálfu hins opinbera verið
skotið til yfirdómsins.

Sumarið 1894 varð hin ákærða Hólmsfríður
Benjamínsdóttir þunguð af völdum hins meðá-
kærða Andrésar Jónssonar, sem er kvongadur
maður og bjó þá í kofa í Botnastaðalandi í Berg-
staða prestakalli, ásamt konu sinni og hinni á-
kærðu. Þegar þetta varð hljóðbært, kærði hlut-
aðeigandi sóknarprestur sambúð þeirra fyrir sýslu-
manni, og varð það til þess, að ákærðu var 18.
jan. 1895 birt áminning amtmanns, dags. 1. des.
1894, um að slíta sambúð sinni þegar í stað, að
viðlagðri hegningu samkvæmt 179. gr. hegningar-
laganna. Hin ákærðu héldu þó áfram sambúð
sinni til vors, en þá var hin ákærða flutt vanfær

út á Blönduós til oddvitans í Torfalækjarhreppi, þar sem hún var sveitlæg; en hreppsnefndin þar vildi eigi taka við henni, og þar sem hún átti sér engan samastað vísan og gat eigi, eins hún var á sig komin, unnið sjálf fyrir sér, varð það úr, að hún lenti aftur eftir fáa daga hjá meðákærða Andrésí, sem þá var kominn að Búrfelshóli í Svínavatnshreppi, og ól hún þar barnið litlu síðar. Síðan hafa þau Andrés búið saman alla tíð, og 9. ágúst 1896 ól Hólmfríður á ný barn, sem Andrés kannaðist við faðerni að.

Hin ákærðu, sem komin eru yfir lögdalur sakamanna og eigi hafa áður sætt ákæru eða dómi fyrir neitt lagabrot, hafa með framangreindu atferli sínu unnið til hegningar samkvæmt 179. gr. alm. hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir þau bæði hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og er aukaréttardóminum breytt að þessu leyti. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður, og ber ákærðu auk þess að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hin ákærðu Andrés Jónsson og Hólmfríður Benjaminsdóttir sæti hvort um sig 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Að öðru leyti á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Hin ákærðu greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 41/1898:

Haraldur Ó. Briem

gegn

hreppsnefndarönnnum Geithellnahrepps, Jóni Finnssyni, Stefáni Guðmundssyni, Einari Magnússyni, Finni Malmqvist og Þorsteini Jónssyni.

D ó m u r :

Með bréfi, dags. 7. desbr. 1897, sem birt var áfrýjandanum af hlutaðeigandi stefnuvottum 20. desbr. næst á eftir, sagði hreppsnefnd Geithellnahrepps, sem þá var skipuð hinum stefndu, áfrýjandum upp ábúð á $\frac{2}{3}$ hlutum jarðarinnar Búlandsness, er var eign hreppsins en áfrýjandi hafði haft byggingu fyrir síðan 1880, og skyldi áfrýjandi samkvæmt útbyggingarskjalinu víkja af jörðinni í fardögum 1898. Áfrýjandi vildi eigi sinna þessari útbyggingu og krafðist þá hreppsnefndin af fógetanum í Suður-Múlasýslu útburðar